

282. fundur Skólanefndar FS

13. febrúar 2007



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Böðvar Jónsson, áheyrnarfulltrúinn Valgerður Björk Pálsdóttir, Guðlaug Pálsdóttir áfangastjóri og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Afmælisnefnd - uppgjör.
 2. Áramótafundur með fulltrúum menntamálaráðuneytis - áherslur 2007.
 3. Verkefni til eflingar kennslu raungreina á Suðurnesjum.
 4. Önnur mál.

1. Afmælisnefnd - uppgjör.

Skólameistari kynnti uppgjör vegna afmælisnefndar. Tekjur nefndarinnar voru 4.900.000 kr. og útgjöld um 4.500.000 kr. Skólanefndarmenn þakka afmælisnefndinni fyrir vel unnin störf. Rúmlega tvær milljónir króna söfnuðust í Malaví-verkefni og er verið að velja skóla þar ytra til að starfa með.

2. Áramótafundur með fulltrúum menntamálaráðuneytis - áherslur 2007.

Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum fundi fulltrúa framhaldsskólanna með ráðuneytisfólki en fundinum var frestað og verður væntanlega á næstunni.

3. Verkefni til eflingar kennslu raungreina á Suðurnesjum.

Skólameistari kynnti verkefni til að efla raungreinakennslu á Suðurnesjum. Hugmyndin er að koma á samstarfi við grunnskóla, sveitarfélög, rannsóknastofnanir og fyrirtæki í ferðaþjónustu og orkugeiranum. Komið yrði upp búðum fyrir evrópska grunn- og framhaldsskólanema á sviði jarðfræði og umhverfisgreina. Verkefninu myndi efla þekkingu og uppbyggingu raungreinakennslu á svæðinu og um leið efla fyrirtæki og stofnanir á Suðurnesjum.

4. Önnur mál.

- a) Guðlaug Pálsdóttir áfangastjóri sagði frá hugmynd um raungreinaáfanga fyrir nemendur grunnskóla. Áfanginn yrði byggður á tilraunum og tilgangurinn væri að efla áhuga nemenda á raungreinum. Einnig er í skoðum að bjóða upp á hraðferðaráfanga í náttúrufræði fyrir nemendur sem fá góðar einkunnir í grunnskóla.
- b) Skólameistari sagði frá nýju fréttabréfi sem sent er í tölvupósti til foreldra nemenda og annarra sem óska eftir því.

- c) Skólameistari sagði frá stefnumótunarvinnu sem tengist m.a. ákvæðum í kjarasamningum kennara.
- d) Skólameistari lýsti ánægju sinni með störf stjórnar nemendafélagsins sem hefur m.a. staðið sig með þryði við undirbúning og skipulagningu dansleikja.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari